

Umhverfisstefna skóla í Urriðaholti

(skóla og leikskóla)

Í samræmi við áherslur Garðabæjar um sjálfbæra þróun og markmið um að vera í fremstu röð bæjarfélaga á því sviði, hefur verið leitast við að ná fram þeim markmiðum á sviði umhverfismála við gerð rammaskipulags fyrir Urriðaholt.

Í Urriðaholti eru mörg spennandi tækifæri fólgin í því að nýta þann grunn sem þegar hefur verið lagður og nýta umhverfið og kosti þess í daglegu skólastarfi, kennslu og leik. Kjarninn í hugmyndafræði Urriðaholts er að áhersla á umhverfis- og samfélagsmál endurspeglar í starfsemi og mannvirkjum í fyrirhugaðri byggð. Í Urriðaholti og mun skólastarf og skólabyggingar í Urriðaholti skipta miklu máli á því sviði.

Í samræmi við ofangreint er nú ákveðið að í Urriðaholti skuli leggja sérstaka áherslu á ofangreind markmið við mótun skólastefnu, bygginga og reksturs skóla í Urriðaholti.

Í þeirri hugmyndavinnu sem fram hefur farið hafa m.a. komið fram eftirfarandi tillögur sem lagt er til að skoðaðar verði í áframhaldandi vinnu:

1. Að skólar verði í farabroddi í almennri þróun umhverfisvænna skóla og skapi sér skóla- og kennslustefnu sem samræmist nútíma áherslum á sviði umhverfismála.
2. Að skólar leggi sérstaka áherslu á vatnabúskap svæðisins með því greina umhverfisáhrif sjálfbærra ofanvatnslausna í Urriðaholti.
3. Að skólar séu þátttakendur í vöktun Urriðavatns og allir nemendur séu virkjaðir til þátttöku í samræmi við skilgreinda áfanga. M.a. verði skoðaðir möguleikar á útikennslustofu við vatnið (lóð merkt þjónustuhús).
4. Að skólar leggi jafnframt áherslu á aðra umhverfisþætti er lúta að sérstöðu Urriðaholts s.s. að unnið sé með sólar- og vindorku og að nemendur taki þátt í ræktun á skólalóðum og mögulega innandyra.
5. Að við hönnun húsnæðis verði lögð áhersla á að gera nemendur meðvitaða um umhverfisþætti s.s. með upplýsingatöflum í miðju rými á sviði vatnabúskapar, vöktun Urriðavatns o.fl. þar sem nemendur geta haft eftirlit og jafnframt séð árangur á sviði umhverfismála.
6. Að við hönnun húsnæðis verði lögð áhersla á að skólar verði í farabroddi í notkun umhverfisvænna byggingarefna.

Öllum þessum hugmyndum er síðan sammerkt að leggja áherslu á að nemendur verði meðvitaðir um sérstöðu sinna skóla á sviði umhverfismála sem verði þeim síðan veganesti í næstu áfanga.